

# Svífðu litla, létta blað …

6. tbl, 3. árg., september 2014

Skóladeild Akureyrar

## Gamlir vinir eru oft góð tilbreyting

Það þarf að kenna erlendum nemendum heiti og hljóð íslenska stafrófsins þó þeir séu læsir á móðurmáli sínu og jafnvel komnir á unglingsaldur. Þá er oft gott að grípa til gamalla leikja þar sem nemendur þurfa að rifja upp stafrófið í huganum og reyna að sjá fyrir sér eitthvert íslenskt orð sem þeir hafa lært. Ef við erum með nemendur á ólíku getustigi geta þeir sem lengra eru komnir unnið áfram með lausnarorðið í hengingarleiknum á ýmsan hátt. ☺

## Heiti og hljóð stafa




## Hugmyndabankinn

Á mörgum skólalóðum má finna fínar tröppur. Þessar fallegu tröppur í Brekkuskóla virka þannig að fólk á besta aldri langar allt í einu til að fara í gamlan leik ... og svo eru þær svo fallegar !






## Evrópski tungumáladagurinn !!!

Evrópski tungumáladagurinn er þann 26. september, eða næstkomandi föstudag. Þá er upplagt tækifæri fyrir tungumálakennara að vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum Evrópuþjóða.

Veggspjald með kveðjunni „Góðan dag“ á fjölmörgum tungumálum má finna hér: [http://akmennt.is/erlendir/evropski_tungumaladagurinn.pdf](http://akmennt.is/erlendir/evropski_tungumaladagurinn.pdf)

## Orðaforði út frá stofni

Hér hefur nemandi lært ýmis orð af sama stofni, bæði nafnorð, lýsingarorð og sögn. Öll tengjast þau á einhvern hátt stofninum „eld“. Þarna er rætt um eldfjall, eldspýtur, eldingar, eldflaugar og eldhús og það getur svo leitt okkur áfram í ýmsar áttir, bæði að eldgosum, eldhúsáhöldum o.s.frv.






*Með bestu kveðjum,*

*Helga*